

Alþingi
Erindi nr. P 130/29
komudagur 27.10.2003

Reykjavík 27. október 2003
Tilv. FLE 17-2003

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Ágúst Geir Ágústsson nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 88. mál, sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.

Með bréfi dags. 15. október 2003 óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda

Guðmundur Snorrason
formaður

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík, 27. október 2003

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Guðmundur Snorrason, formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Málefni: **Málefni:** **Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 88. mál,
sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.**

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Að fenginni umsögn skattanefndar FLE tók álitsnefnd FLE málið fyrir á fundi sínum í dag.

Skattanefnd FLE gerir engar athugasemdir við frumvarpið. Álitsnefnd FLE er í meginatriðum sammála þeirri umsögn. Samt sem áður vill álitsnefnd vekja athygli á gildistökuákvæði d-liðar 5. gr. frumvarpsins sem varðar lækkun á hámarki vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta, en gert er ráð fyrir að sú breyting taki þegar gildi og komi til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta við álagningu á árinu 2004. Álitsnefnd telur að umrætt gildistökuákvæði feli í sér íþyngjandi afturvirkni. Að öðru leyti gerir álitsnefnd ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA